

Skólaráðsfundur 20.10. 2011 kl. 16.30

(viðbót við skyggnur skólastjóra)

Mættir: Guðmundína Kolbeinsdóttir, Kristína Kristjánsdóttir, Sindri Pétur (nemendafulltrúi) Hjördís Sigurðardóttir (fulltrúi foreldra), Steinunn Gerður Kristjánsdóttir, Andrés Pétursson og Guðmundur Hafsteinsson, Björg Baldursdóttir og Friðþjófur Helgi Karlsson skólastjóri.

Próunarstarf og teymisvinna – höldum áfram þeirri vinnu sem hefur verið undanfarin ár: Heilsueflandi skólar. Skólar á grænni grein. Uppeldi til ábyrgðar. Jafnréttisfræðsla. Mat á skólastarfi og námsmat.

- **Snemmtæk íhlutun að læsi** – mikil vinna en góðar og miklar upplýsingar sem í því felst.
- **Comeniusarverkefnið** í fullum gangi
- **Starfendarannsóknir** – ekki farið af stað ennþá en er í ferli
- **Nemendaviðtöl** – ætlum okkur að nýta það form nú í vetur
- **Bekkjarfundir** eru í gangi í bekkjunum
- **Bekkjarfundir með skólastjórnendum** stjórnendur hefjast handa nú í kring um áramót að heimsækja bekkina.
- **Mat á gæðum kennslu.**

Skólareglur og mat á skólastarfi

- Skólapúlsinn gefur okkur tækifæri til að bera okkur saman við aðra skóla. Okkur þykir þetta mikilvægur samanburður.
- **Ný aðalnámskrá** Það eru margar nýjar áherslur og margt með svipuðum hætti. Kostar tíma og fjármuni að innleiða svona plagg. Sex grunnþættir. Mikil áhersla á list- og verkgreinar. Dregur aðeins úr vægi valsins. 20% í 8. – 10. bekk. Erum ekki að uppfylla þetta í dag. Dýrt að hafa list- og verkgreinar sem valgreinar í elstu bekkjunum. Okkur langar hér að auka vægi vals erum að binda meira í stundatöflu nemenda.

Umræða um skil á milli grunn- og framhaldsskóla. Sorglegt hvernig afturför hefur orðið varðandi aðgengi grunnskólanemenda að framhaldsskólanum.

Námsmat: matskvarði sem á að útfæra í námskrá fyrir hvert námssvið. A.B.C.D.

Skólastarfið

Vettvangsferðir í tengslum við **Sjávarútvegssýninguna**. Erfitt að sækja börnin kl. 16.00 og hugmynd að hafa dægradvöl í kirkjunni og sækja þau þaðan þegar sýningin er næst. Foreldrar áttu í mesta basli með að nálgast börnin. Skólinn fékk hrós fyrir að nýta ferðirnar til hreyfingar og menningaferða tengd sérkennum skólans.

Fjölgreindarleikar tókust vel – reyndi þó misjafnlega á nemendur.

Pemadagar verða lágstemmdari en oft áður. Höfum verið að brjóta heilmikið upp skólastarfið og langar að nýta tímann til hefðbundinnar kennslu.

Körfurólurnar – komnar eru nýjar hefðbundnar rólur.

Sálfræðingur skólans – Benedikt Bragi verður á fimmtudögum í vetur.

Heimasíður – bærinn að fara í sameiginlegan grunn. Samræmt veftré en við getum ráðið útlitinu. Við verðum með í 1. Áfanga verkefnisins. Verið að hugsa um að opna íbúagátt.

Skóladagatal næsta skólaárs. Samræmdir skipulags dagar yrðu samræmdi í öllum leik- og grunnskólum bæjarins. Umræða um þetta og óánægja fulltrúa kennara og starfsmanna.

Álit komið vegna **fermingarfræðslunnar**. Foreldrar sækja um leyfi til fermingaferðar. Skólarnir haldi uppi kennslu fyrir þá nemendur sem verða eftir.

Kirkjuferð verði sem vettvangsferð. Þeir foreldrar sem vilja ekki að börnin þeirra fari í svona ferð þurfa ekki að gefa neinar skýringar á því. Við höldum okkar striki.

Leiðsagnarmat er í gangi hjá okkur.

Kennaranemar – vettvangsnám er í smá uppnámi, ekki búið að semja um þeirra mál.

Kostnaður við grunnskólagöngu barna. Beiðnum um fjárhagsaðstoð hefur fjölgað umtalsvert. Leita þarf leiða til að draga úr kostnaði.

Önnur mál Nýr fundur – samræmd próf og farið yfir matið – hluti af áfangaskýrslunni. Friðþjófur boðar nýjan fund með annarri dagsetningu.

Fundi slitið kl. 18.10

Fundarritari, Björg B.